

10 Smjörtsali skal auðkenna umbúðir þess smjörts, sem hann selur, með tölu 30. jan. (númeri) framleiðanda í bókinni og setja nafn sitt undir.

6. gr.

Hverjum smjörtsala ber að senda ráðuneytinu afrit af viðeigandi hluta af bók þeirri, sem um ræðir í 5. gr., og skrá yfir hversu mikið hann hefur selt af smjörri fyrir smjörframleiðendur, ásamt móttökukvittunum frá kaupendum, til þess að geta fengið greiddar verðuppbætur.

7. gr.

Verðuppbætur verða greiddar ársfjórðungslega af því smjörri, sem selt hefur verið undanfarinn ársfjórðung, þegar öll gögn hafa borizt ráðuneytinu um söluna á því tímabili og nauðsynleg athugun hefur farið fram á þeim.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

11

4. febr.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkaheppi nr. 142 8. ágúst 1939.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar komi kl. 6 síðdegis, í stað kl. 7 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. febrúar 1943, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

12

6. febr.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. jan. 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1943. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og 12 hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, til að öðlast þegar gildi 6. febr. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

REGLUR

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

13

10. febr.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum milli landa um yfirlýst ófriðar- eða hættusvæði.

I. KAFLI

Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

1. gr.

Öll íslensk skip, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur skulu farþega-skip fullnægja alþjóðasamþykktinni frá 29. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum vegna ófriðar-hættunnar:

1. Loftskreytastöðvar eða talstöðvar skulu hafðar á tveim stöðum í skipinu. Loftskreytastöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Varðtunnu skal komið fyrir á framsigli, eða varðskýli á stýrishúspaki.
3. Skip, sem sigla til Bretlands, skulu hafa flugdreka með löngum vírstreng, og útbúnaði öllum þar að lútandi, enn fremur skulu þau hafa að minnsta kosti 4 reyksprengjur.
4. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
5. Flóka-björgunarvesti skulu vera handa allri skipshöfninni.
6. Engu má koma fyrir á bátapilfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
7. Stýrishús og loftskreytaklefi skulu varin gegn skotum eins og bezt verður, með tilliti til stærðar skipsins, tölu varðmanna, stöðugleika (stabilitet) skipsins, og annarra atriða, er máli skipta.
8. Koma skal fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum og ef unnt er hjá bjargflekunum líka. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.

2. gr.

Sérhver bjargbátur skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar, hafa:

1. Kork- eða kapokpúða, úr lituðum segldúk meðfram báðum hliðum bátsins og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu þeir vel festir við bátinn.
2. Skjólsegl úr létum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir $\frac{1}{2}$ til $\frac{2}{3}$ hluta af lengd hans. Enn fremur skal fyrir